
Minnisblað-Drög

Dagsetning: 23. september 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvornalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

Efni: Minnisblað sóttvornalæknis varðandi opinberar aðgerðir innanlands vegna COVID-19 eftir 27. september 2020.

Undanfarna daga eða frá 15. september 2020 hefur orðið aukning í fjölda einstaklinga sem greinst hafa með COVID-19, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi smit má að mestu leyti rekja til öldurhúsa í miðbæ Reykjavíkur en þó hafa sum smitanna átt uppruna sinn á öðrum stöðum.

Frá 15. september hefur 271 einstaklingur greinst með COVID-19 en vaxandi fjölda greindra einstaklinga undanfarna daga má að einhverju leyti skýra með vaxandi fjölda sýna.

Á þessari stundu lítur út fyrir að við höfum náð nokkuð góðum tókum á þessari hópsýkingu/bylgju en ljóst er það mun taka einhvern tíma að ná fullum tókum á henni og kveða hana niður.

Síðustu takmarkanir innanlands voru settar á þ. 7., 18. og 21. september sl.

Í ljósi þess að ofangreind hópsýking er enn í gangi á höfuðborgarsvæðinu og ekki ljóst hvenær náð verður utanum hana að fullu þá legg ég til eftirfarandi:

1. Gildissvið.

Tvær til þrjár vikur frá 27. september 2020.

2. Fjöldatakmörkunir.

Hámarksfjöldi einstaklinga í sama rými verði áfram 200 einstaklingar. Tryggt verði að blöndun einstaklinga verði ekki á milli hólfna hvorki í inngangi/útgangi, salernisaðstöðu eða veitingasölu og að fyllstu sóttvornaráðstafana sé gætt. Börn fædd 2005 og síðar teljast ekki með.

Ofangreind fjöldatakmörk taka þó hvorki til alþjóðaflugvalla og -hafna né til farþegaferja innanlands eða skipa og loftfara í millilandaferðum

Matvöruverslunum yfir 1.000 m² að stærð verði heimilt að hleypa til viðbótar einum viðskiptavinum inn fyrir hverja 10 m² umfram 1.000 m², þó að hámarki 300 viðskiptavinum í allt.

3. Nálægðartakmörkun.

Nálægðartakmörk verði áfram einn metri. Skilgreint verði að rekstaraðilum verði skylt að tryggja 1 m nálægðartakmarkanir á milli einstaklinga „sem ekki eru í nánnum tengslum“. Einstaklingar verði áfram hvattir til að viðhafa eins metra nálægðartakmarkanir eins og hægt er, sérstaklega í samskiptum við ótengda/óskylda

aðila. Þar sem að ekki er hægt að viðhafa nálægðarmörk þar er lagt til að andlitsgríma verði notuð.

4. Skólar, æskulýðsstarf og fræðslustarfsemi.

i. Leik- og grunnskólar.

Engar hömlur gilda hjá börnum sem fædd eru 2005 og síðar heldur einungis hjá eldri einstaklingum. Um þá einstaklinga gildir 200 manna hámarksreglan og eins metra nándartakmörkun. Lögð verði áhersla á einstaklingsbundnar smitvarnir eins og kostur er.

ii. Framhalds- og háskólar.

Tvö hundruð manna fjöldatakmörkanir gilda og eins metra nándartakmörkun. Sótthreinsun sameiginlegra áhalda verði gerð a.m.k. einu sinni á dag. Mikil áhersla verði lögð á einstaklingsbundnar smitvarnir.

Hugað verði að fjarkennslu fyrir nemendur en þar sem að hvorki verður hægt að bjóða upp á fjarkennslu né eins metra nálægðartakmörk, verði nemendum boðin notkun á andlitsgrímum.

5. Sundstaðir og líkamsræktarstöðvar.

Sundstaðir og líkamsræktarstöðvar tryggja að gestir geti haft eins metra bil á milli sín í öllum rýmum. Tryggt verði að gestafjöldi sé aldrei meiri en 75% af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við 75% þess fjölda sem fataskiptarými gerir ráð fyrir. Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda.

Starfsemi sem í eðli sínu felur í sér að gestir noti sameiginlegan búnað geri hlé á starfsemi eða sótthreinsi slíkan búnað milli notenda.

6. Íþróttastarf.

- Íþróttir með snertingu verði leyfðar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - Sér sambönd ÍSí geri reglur um framkvæmd æfinga og keppni í sínum greinum.
 - Reglurnar verði unnar í samvinnu við ÍSí sem leitar sérfræðiráðgjafar hjá sóttvarnalækni
 - Eins metra nándartakmörkun verði virt í búningsklefum og öðrum svæðum utan keppni og æfinga skv. reglum hvers sérsambands ÍSí
 - Áhorfendur eru leyfðir skv. reglum hvers sérsambands ÍSí.
 - Keppnisáhöld verði sótthreinsuð milli notenda eins og kostur er og samkvæmt reglum hvers sérsambands ÍSí.
- Íþróttir sem ekki eru innan ÍSí njóti sömu leiðbeininga og sambærilegar íþróttir innan ÍSí.
- Hámarksfjöldi áhorfenda í sama hólfi verði áfram 200 einstaklingar og tryggja þarf eins metra nándartakmörk. Tryggt verði að blöndun einstaklinga verði ekki á milli

hólfa hvorki í inngangi/útgangi, salernisaðstöðu eða veitingasölu. Börn fædd 2005 og síðar teljast ekki með.

7. **Sviðslistir.**

Viðhafðar verði 200 manna fjöldatakmörkanir og eins metra nándartakmörkunum beitt sem grunnreglu fyrir áhorfendur. Tryggt verði að ekki verði blöndun einstaklinga milli 200 manna hólfa.

Mælst er til að áhorfendum verði boðnar andlitsgrímur sérstaklega þar sem loftgæði eru ekki góð.

8. **Skemmti-, vínveitingastaðir, krár og spilasalir.**

Á höfuðborgarsvæðinu þ.e. innan lögsögu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu verði krám, skemmtistöðum og veitingahúsum leyft að hafa opið til kl. 23:00. Einungis verði gestum boðin sitjandi aðstaða þar sem eins metra nálægðartakmörk verði tryggð á milli ótengdra/óskyldra aðila.

Tryggja skal góð loftgæði og stilla hávaða í hóf því ef fólk þarf að tala hátt getur það leitt til aukinnar munnvatnsúða mengunar

Áhersla verði lögð á viðeigandi eftirfylgni með þessum ráðstöfunum. Sameiginlegir snertifletir verði sótthreinsaðir milli einstaklinga.

9. **Vinnustaðir, verslanir, opinberar byggingar og þjónusta.**

Þessir staðir skipuleggi starfsemi sína í samræmi við ofangreint og tryggi að ekki séu fleiri en 200 einstaklingar í sama rými og að í minni rýmum séu ekki fleiri en svo að hægt sé að tryggja eins metra fjarlægð milli einstaklinga.

- Tryggja skal góð loftgæði og stilla hávaða í hóf því ef fólk þarf að tala hátt getur það leitt til aukinnar munnvatnsúða mengunar.
- Tryggður verði aðgangur að handsótthreinsi fyrir almenning og starfsmenn við innganga og í grennd við yfirborð sem margir snerta s.s. snertiskjái, afgreiðslukassa og innkaupakerrur.
- Sinnt verði þrifum og sótthreinsun yfirborða sem margir snerta eins oft og unnt er.
- Almennungur og starfsmenn verði minntir á einstaklingssóttvarnir með merkingum og skiltum.
- Matvöruverslunum yfir 1.000 m² að stærð verði heimilt að hleypa til viðbótar einum viðskiptavinum inn fyrir hverja 10 m² umfram 1.000 m², þó að hámarki 300 viðskiptavinum í allt.
- Þjórða skal starfsmönnum fjarvinnu eins og kostur er.
- Þar sem ekki er hægt að þjórða fjarvinnu eða tryggja eins metra nándartakmörk fyrir starfsmenn er mælst til að andlitsgrímur verði notaðar.

10. **Söfn, skemmtistaðir og aðrir opinberir staðir** geri hlé á starfsemi ef ekki er hægt að tryggja að farið sé eftir fjöldatakmörkunum eða að bil milli ótengdra aðila sé yfir einn metra.

11. Í starfsemi sem eðlis síns vegna krefst meiri nálægðar en eins metra svo sem í heilbrigðisþjónustu, á hárgreiðslustofum, nuddstofum og í almenningssamgöngum,

skal nota andlitsgrímu sem hylur nef og munn þar sem eins metra fjarlægð milli einstaklinga verður ekki viðkomið. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustu skulu uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna (CEN). Sóttvarnalæknir getur sett nánari leiðbeiningar um kröfur til andlitsgríma. Leitast skal við að bæði viðskiptavinur og þjónustuaðili noti grímur samtímis eins og hægt er.